

Ársskýrsla Golfklúbbsins Glámu fyrir árið 2024



Starfsemi Golfklúbbsins Glámu hefur verið í töluverði lægð undan farin ár en núna eru mun bjartari tímar framundan.

Við höfum verið heppin með styrki frá góðum fyrirtækjum og á síðasta ári fjárfestum við í tveimur vélum, brautarvél og röf vél. Þá er planað að kaupa aðra vél í vor, svokallaða greenvél.

Árið 2024 var lögð áherslu að slá völlinn og var hann mjög flottur og það var mjög mikið spilað á honum og völlurinn er rómaður fyrir hversu góður og flottur hann er.

Á árinu 2024 settum við bekki á alla teiga, nýjar brautarmerkingar, ný teigarmerki og keyptur var 20 feta gám sem notaður er sem vélageymsla. Þá var klárað að gera salernisaðstöðuna í golfhús gámnum.

Á komandi sumri stefnum við á að gera pall í kringum golfhús-gáminn og laga bönkera

Þetta er búin að vera mikil vinna sem öll er unnin af sjálfboðaliðum. Þá er öll umhirða vallarins (sem er ekki litið verk) líka unnin í sjálfboðavinnu. Það er hinsvegar draumur okkar að í framtíðinni nái rekstur vallarins að greiða í það minnsta eitt stöðugildi yfir sumarið, enda er völlurinn mikið sóttur ekki síst úr nágrennabyggðum og lengir þannig golftímabilið hérna á Vestfjörðum.

Stjórn Golfklúbbsins Glámu vill þakka félagsmönnum, gestum og velunnurum fyrir árið 2024 og hlakkar til samstarfsins á komandi sumri.

